

ÞRÍÐJA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 29. júní 1983

um aðlögun að tækniframförum á II., III., og V. viðauka við tilskipun ráðsins
76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

(83/341/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí
1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrti-
vörur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun
83/191/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að tryggja almannaeilbrigði er rétt að banna notkun
tiltekinna efna til hárlitunar.

Flytja skyldi p-díamínóbensen úr V. viðauka yfir í III. við-
auka.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í
samræmi við álit nefndarinnar sem sér um að breyta, í sam-
ræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi
tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

- Eftirfarandi bætist við skrána í II. viðauka:
„363. o-fenýlendíamín og sölt þess
364. 4-metýl-m-fenýlendíamín og sölt þess.“

- Í dálki b 1. hluta III. viðauka breytist texti í nr. 8 á
eftirfarandi hátt:

„m- og p-fenýlendíamín, N-setnar afleiður og sölt
þeirra; N-setnar afleiður o-fenýlendíamíns⁽¹⁾.“

- Í dálki b 1. hluta III. viðauka breytist texti í nr. 9 á
eftirfarandi hátt:

„Metýlfenýlendíamín, N-setnar afleiður og sölt
þeirra⁽¹⁾, þó ekki efni nr. 364 í II. viðauka.“

- Eftirfarandi liður falli niður í V. viðauka:

„4. p-fenýlendíamín og sölt þess.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-
sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en
31. desember 1984. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-
stjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. júní 1983.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karl-Heinz NARJES

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 25.